

Föstudaginn 21. apríl 1967.

Nr. 214/1966. **Rafmagnsveitur ríkisins**
(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Herði Ívarssyni og gagnsök
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. september s. á. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda $\frac{1}{4}$ hluta af tjóni hans, eða kr. 2.410.00. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. október 1966, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 9.640.00 með 7% ársvöxtum frá 13. marz 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Aðaláfrýjandi, Rafmagnsveitur ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Herði Ívarssyni, kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. júní 1966.

Mál þetta var dómtekið í dag. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 23. júní 1965, og þingfest 29. sama mánaðar. Stefnandi málsins er Hörður Ívarsson, Háaleitisbraut 48, Reykjavík. Hann stefnir Rafmagnsveitum ríkisins svo og til réttargæzlu Tryggingu h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að Rafmagnsveitur ríkisins verði dæmdar til að greiða honum kr. 9.640.00 auk 7% ársvaxta frá 13. marz 1965 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu. Af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins er krafizt verulegrar lækkanar á kröfu stefnanda og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður. Ekki gerir stefnandi kröfur á hendur Tryggingu h/f, og ekki gerir tryggingafélagið neinar dómkröfur í málinu.

Málsatvik eru þau, að um kl. 2300 sunnudaginn 28. febrúar 1965 varð árekstur á Strandgötu í Hafnarfirði milli bifreiðanna R 9994, sem stefnandi á og ók, og R 15321, sem er eign Rafmagnsveitna ríkisins, en var ekið af Guðmundi Bertelssyni, Álfheimum 27, Reykjavík. Góð rafmagnslýsing var á árekstrarstað og loft bjart, en mikil hálka á strætinu. Stefnandi ók bifreið sinni, sem er fjögurra manna einkabifreið af Moskvits-gerð, norður Strandgötu. Í sama bili ók Guðmundur Bertelsson R 15321, sem er jeppabifreið af Volvo-gerð, aftur á bak út á götuna. Stefnandi kveðst bæði hafa hemlað og gefið hljóðmerki, en ekki hafa átt þess kost að sveigja til hliðar vegna aðstæðna. Vinstra megin hafi verið ljósastólpi, en bifreið komið á móti. Samkvæmt uppdrætti lögreglunnar í Hafnarfirði mældust hemlafið bifreiðar stefnda um 19 metrar. Guðmundur Bertelsson hafði komið suður Strandgötu, en var að snúa við, er áreksturinn var. Var hann kominn aftur á bak þvert yfir götuna og búinn að snúa jeppanum svo, að hann vissi nokkurn veginn rétt á götuna og sneri í norður. Lenti bifreið stefnanda aftan á jeppanum og skemmdist talsvert. Guðmundur kveðst hafa séð til ferða stefnanda, en hann hafi farið hægt og því hafi hann talið hættulaust að snúa við. Hann segist hafa ætlað að fara að skipta í 1. gir, þegar áreksturinn varð.

Guðmundur kveðst ekki hafa vitað, að hálkan var eins mikil og raun varð á. Hvorug bifreiðin var búin kveðjum á hjólum.

Viðgerð á bifreið stefnanda kostaði samkvæmt framlögðum reikningi kr. 9.640.00. Reikningurinn er dagsettur 13. marz 1965.

Málsástæður og lagarök, sem fram eru borin af hálfu stefn-

anda, eru þau, að ljóst sé af lýsingu atvika, að Guðmundur Bertelsson beri alla sök á árekstrinum og því sé Rafmagnsveitum ríkisins, eiganda R 15321, skylt að bæta allt tjón stefnanda.

Af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins er því haldið fram, að bifreiðin R 15321 hafi verið kyrrstæð, er áreksturinn varð. Stefndi hafi ekki gætt nægilegrar varkárni, miðað við aðstæður, með því að aka of hratt. Hafi hann því ekki getað stöðvað bifreiðina, þótt hann hafi haft a. m. k. 20 m til þess. Þá hafi hann ekki sveigt bifreiðina til vinstri, eins og ljóst sé, að átt hefði að gera. Er til stuðnings sjónarmiðum stefnda vitnað til umferðarlaga nr. 26/1958, 46. gr., 4. mgr., og 49. gr., 2. mgr., og b- og c-liða 3. mgr.

Niðurstaða.

Telja verður, að hraði bifreiðar stefnanda hafi verið meiri en aðstæður leyfðu og að honum hafi borið að sveigja til vinstri inn á bifreiðastæði, sem þar var. Verður hann því talinn eiga nokkra sök á árekstrinum. Guðmundur Bertelsson átti að gæta þess, að engin hættu væri því fylgjandi að snúa bifreiðinni R 15321 við og aka henni aftur á bak, eins og aðstæður voru. Bar honum að taka tillit til hálkunnar, sem var, svo og þess, að Strandgata er aðalbraut. Verður því að telja, að hann eigi meginsök á árekstrinum og að stefndi, Rafmagnsveitur ríkisins, eigi þess vegna að greiða stefnanda 75% af tjóni hans. Eigi er deilt um fjárhæðir í máli þessu. Ber því að dæma Rafmagnsveitur ríkisins til að greiða stefnanda kr. 7.230.00 auk 6% vaxta p. a. frá 13. marz 1965 til 1. janúar 1966, en 7% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og rétt, að Rafmagnsveitur ríkisins greiði stefnanda kr. 2.600.00 í málskostnað.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Rafmagnsveitur ríkisins, greiði stefnanda, Herði Ívarssyni, kr. 7.230.00 auk 6% vaxta p. a. frá 13. marz 1965 til 1. janúar 1966, en 7% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 2.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.